

Matsáætlun til 5 ára

		gæðagr	2019-20	2020-21	2021-22	2022-23	2023-24
A	Skólanámskrá – stefna, markmið, námsmat og inntak náms	1.3, 2.2		x			
B	Starfsáætlun – skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar	1.3, 2.2			x		
C	Nám – námsárangur, kröfur og námsmat	2.3, 2.4, 3.1, 3.2	x	x	x	x	x
D	Nemendur - líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	3,1	x	x	x	x	x
E	Kennsla - kennsluhættir og starfsþróun	2.3, 2.6,			x		
F	Starfsfólk - starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf	1.4	x	x	x	x	x
G	Stjórnun	1.2, 1.4	x				
H	Viðmót og menning skóla - jafnrétti - Jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti	2.1, 3.1			x		
I	Aðbúnaður					x	
J	Samstarf heimila og skóla	2.5, 2.7		x		x	
K	Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið	2.7					x
L	Umbótaaðgerðir og þróunarstarf	1.1		x			
M	Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	1.5					x
N	Grunnþættir menntunar - læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð	3.3	x			x	

GagnaöflunGreining á árangri og fyrirliggjandi gögnum

- Árangur og framfarir í íslensku, stærðfræði og ensku í samræmdum könnunarprófum
- Árangur og framfarir í öllum námsgreinum með mati og greiningu á námsárangri
- Árangur og framfarir í lestri, t.d. með lesferli MMS og Orðarún
- Árangur í talnalykli

Skóðanir og álit hagsmunaaðila

- Árlegar kannanir Skólapúlsins í 6. - 10. bekk varðandi líðan, skólabrag og tengsl við starfsfólk. Broskarlakannanir í 1. - 3. bekk árlega þar sem spurt er um sömu þætti á einfaldari hátt
- Reglulegir bekkjarfundir í öllum árgöngum
- Tengslakannanir tvisvar á ári í öllum árgöngum
- Kannanir til allra starfsmanna annað hvort ár þar sem spurt er m.a. um stjórnun, starfsánægju, samskipti og samstarf
- Kannanir til foreldra annað hvort ár m.a. um skólabrag og samskipti
- Haustfundir með foreldrum í öllum árgöngum
- Foreldraviðtöl tvisvar á ári
- Starfsmannasamtöl við stjórnendur á hverju ári
- Reglulegir fundir starfsmanna um ýmis mál sem þarf að leggja mat á; kennarafundir, starfsmannafundir, teymisfundir, deildafundir

Vettvangsathuganir

- Vinna starfsmanna með gæðagreina þar sem mat er lagt á ákveðna þætti skólastarfsins samkvæmt matsáætlun og umbótaáætlun
- Ákveðnir gæðagreinar lagðir fyrir nemendur samkvæmt matsáætlun og umbótaáætlun
- Stjórnendur heimsækja kennslustundir reglulega og fylgjast með námi og kennslu, m.a. út frá viðfangsefnum innra mats

Greining á gögnum innra mats fer að stórum hluta til fram á föstum fundum þar sem ákveðnir þættir innra mats eru teknir fyrir með gæðagreinum. Starfsfólki er skipt í blandaða hópa þar sem hver hópur ræðir saman um málefnið, metur það og fer yfir niðurstöður. Innra mats teymið tekur svo við niðurstöðum allra hópa og dregur saman til kynningar og samanburðar við viðmið.

Gæðagreinar

Frá haustinu 2018 hafa grunnskólar Ísafjarðarbæjar notast við Gæðagreina, sem er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School*. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært yfir á íslensku og þá nefnt Gæðagreinar. Aðferðafræðin við matið byggir á lýðræðislegum skipulögðum samræðum og fellur því vel að öðrum áherslupáttum skólastarfsins svo sem *Uppeldi til ábyrgðar* og áherslu á nemendalýðræði.

Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá skilgreindum viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnagjöf á bilinu 1 - 6. Einkunnakvarðinn er skilgreindur þannig:

Einkunn

6	framúrskarandi	tiltekið svið skólastarfsins er framúrskarandi og leiðandi á landsvísu
5	mjög gott	styrkleikar eru á flestum sviðum skólastarfsins og fá sóknartækifæri eru í sjónmáli
4	gott	styrkleikar eru í skólastarfinu en þó má greina þætti sem þarfnast umbóta
3	fullnægjandi	styrkleikar rétt ná að vega þyngra en veikleikar og benda til að þörf sé á að grípa til úrbóta
2	slakt	veikleikar eru í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins
1	ófullnægjandi	mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins eru slök og þarfnast tafarlausra umbóta

Í Grunnskólanum á Ísafirði setjum við okkur það markmið að fá að lágmarki 4 í öllum matsþáttum. Séum við undir 4 er ástæða til að efla viðkomandi þátt hið fyrsta.

[Skýrsla um innra mat skólaárið 2020-2021](#)

Umbótaáætlun vorið 2021

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Nýting uppbyggingarstefnu í samræðum við nem.	Styrking nemenda	Teymi um uppbyggingu verði leiðandi og styðji kennara	Veturinn 2021-2022	Kennarar/ skólastjórnendur	Könnun lögð fyrir kennara fyrir lok skólaársins	Einkunn 4+
Útisvæði og nærumhverfi nýtt frekar til útikennslu	Fjölbreyttari kennsluhættir, meiri hreyfing og vellíðan nemenda	Einn tími á viku á stundatöflu 1.-4.b. og 10.b., valgrein á miðstigi og ungl.stigi. Námskeið í haust varðandi útistærðfræði.	Veturinn 2021-2022	Kennarar / skólastjórnendur	Könnun lögð fyrir kennara fyrir lok skólaársins	Einkunn 4+
Meiri nýting á Mentor til að upplýsa nemendur og foreldra um markmið og stöðu	Upplýstari foreldrar og nemendur, meiri metnaður	Teymi kennara stofnað til að styðja við þá kennara sem þurfa aðstoð	Veturinn 2021-2022	Kennarar/ skólastjórnendur	Könnun lögð fyrir kennara, nemendur og foreldra fyrir lok skólaársins	Einkunn 4+
Fjölbreyttara námsmat	Heildstæðari mynd af hæfni nemenda	Teymi kennara stofnað til að styðja við þá kennara sem þurfa aðstoð. Námskeið í leiðsagnarnámi.	Veturinn 2021-2022	Kennarar/ skólastjórnendur	Könnun lögð fyrir kennara, nemendur og foreldra fyrir lok skólaársins	Einkunn 4+
Námsárangur á samræmdum prófum, sérstaklega í stærðfræði	Betri árangur	Meira gegnsæi í námsframvindu með betri nýtingu Mentor. Innleiðing leiðsagnarnáms og námskeið í stærðfræði. Boðið upp á valgreinina „stærðfræði til gamans” á miðstigi.	Veturinn 2021-2022	Kennarar/ skólastjórnendur	Niðurstöður samræmdra könnunarprófa	Lands-meðaltal
Þrautseigja í námi	Betri líðan og betri námsárangur	Námskeið og innleiðing leiðsagnarnáms	Veturinn 2021-2022	Kennarar/ Skólastjórnendur	Niðurstöður Skólapúlsins	Lands-meðaltal
Tíðni eineltis	Betri líðan	Ný eineltisáætlun sem tryggir markvissari vinnubrögð, nemendaþing um einelti 8.nóv.	Veturinn 2021-2022	Kennarar/ Skólastjórnendur	Niðurstöður Skólapúlsins og fækkun eineltistilkynninga	Lands-meðaltal í Skólapúlsinum
Lykilhæfni	Gera nemendur meðvitaðri um eigin nám og stöðu	Námskeið og innleiðing leiðsagnarnáms, betri nýting á hæfnikortum nemenda í Mentor	Veturinn 2021-2022	Kennarar/ Skólastjórnendur	Niðurstöður Skólapúlsins og könnun lögð fyrir nemendur	Lands-meðaltal í Skólapúlsinum
Agi	Minni hávaði og árekstrar á milli nemenda og betri líðan	Fjölgun starfsmanna/ kennara á gæslu og allir hvattir til að taka höndum saman og bera sameiginlega ábyrgð	Veturinn 2021-2022	Allt starfsfólk	Niðurstöður Skólapúlsins og könnun lögð fyrir starfsfólk	Lands-meðaltal í Skólapúlsinum og 4+ í Gæðagreiðni
Stjórnun skólans	Að gera störf stjórnenda sýnilegri	Stjórnendur verði meira sýnilegir í störfum sínum t.d. á heimasíðu og í tölvupósti	Veturinn 2021-2022	Skólastjórnendur	Könnun lögð fyrir foreldra fyrir lok skólaársins	Einkunn 4+ í Gæðagreiðni
Mötuneyti	Meiri nýtingu mótuneytis og jákvæðara viðhorf	Mötuneytið verði auglýst upp á heimasíðu með myndum og kynningu	Veturinn 2021-2022	Skólastjórnendur/matr áður	Könnun lögð fyrir foreldra fyrir lok skólaársins	Einkunn 4+ í Gæðagreiðni og aukning í áskrift